

SSH samvinna

Samstarfshópur um símenntun grunnskólakennara

Vinnustofa 9. apríl 2016

Samantekt umræðuhópa

SAMANTEKT SAMRÆÐUHÓPA

Skipt í umræðuhópa þar sem velt var upp þeirri spurningu hvort ABC-líkanið muni „lifa af“ í skólastarfi höfuðborgarsvæðisins þótt því „ljúki“ sem fræðsluverkefni meðal grunnskólakennara höfuðborgarsvæðisins eftir þetta skólaár. Það er hugmynd um almennt kennslulíkan sem mæti „þörfum allra“ í bekkjarkennslu. Hvaða hugmyndir eru í þessum hópi sem sækir vinnustofuna hér í dag? Um það snérist umræðan í fjórum hópum þar sem umræðu allra hópanna í lok .

1. Getur ABC aðferðafræðin (frá Dönunum) nýst í grunnskólaumhverfi höfuðborgarsvæðisins?

- Þátttakendur voru á einu máli um að aðferðin sem var til umfjöllunar (A-B-C þyngdarstig námsefnis) geti gagnast vel í kennslu og sumir töldu raunar að hún væri þegar nýtt af mörgum kennurum, þótt það væri ekki beinlínis undir því heiti.
- Hópurinn var sammála um að þessi aðferðafræði væri gagnleg og raunveruleg hjálp til kennara. Vinnustofan í dag sýndi sig að vera vítamínsprauta fyrir kennara í dag, fært þeim nýjar aðferðir og leiðir í kennslu – jafnvel þótt þeir teldu sig hafa unnið eftir þessu nokkuð ómeðvitað, þ.e. þekktu ekki formlega sem „ABC-líkan“.
- Gagnleg vinnuaðferð í skóla án aðgreiningar margir hafa verið að vinna þessu líkt. Nýtt fyrir mörgum, sem tóku þátt í umræðunni, að nýta sama verkefnið fyrir mismunandi útfærslur (nemendur sem er staddir á mismunandi stað sem A, B og C stig). Oftast vinna nemendur sem skara fram úr á lengdina vinna t.d. margar starðfræðibækur án ígrundunnar. Þeir geta einangrast og missa jafnvel af einhverju. Með þessu fyrirkomulagi ættu nemendur að ná dýpri þekkingu. Lögð hefur verið áhersla á magn frekar en gæði. Sá sem kemst lengst er bestur. Þeirri hugsun þarf að breyta. Nýtt námsmat styður við þá hugsun sem birtist í ABC-aðferðafræðinni. Aðferðin styður kennara jafnframt í að láta nemendur vinna á fjölbreyttan hátt og auðveldar þeim að gera nemendum sínum ljóst hvað þeir þurfa að læra. Mikilvægt er að kennarar átti sig á að ekki eigi að þvinga allar nemendur í gegnum allt ferli, þ.e. allir nemendur þurfa ekki að vinna öll verkefni A, B eða C. Sá rammi sem þetta verkefni er sett í töldu þátttakendur að mundi nýtast þeim vel. **Kennarar hafa aðferðafræðina ágætlega á valdi sínu en nokkuð skortir á þjálfun í að dýpka verkefni þá helst verkefni sem falla undir C.**
- ABC líkanið færir nýja möguleika, ekki síst í tengslum við nýja aðalnámskrá grunnskóla (2011, 2013) (þótt í öfugri bókstafs röð sé varðandi hæfni í aðalnámskrá, þ.e. ABC á móti CBA) og möguleika að skýra betur námsinntakið en áður. Þannig sé möguleiki að skilgreina þrjú stig námsins/námskrárinnar (A grunnur, B gott og C afbragð) sem þurfi að nýta sér í auknum mæli (þótt aðalnámskráin geri það ekki öðruvísi en að leggja fram A-D matskvarðann sem styðji við slíka skiptingu/greiningu). Spurningin er þá frekar hvernig eigi að vinna slíka námskrá í viðkomandi námsgreinum/-sviðum, þ.e. ríkið/aðalnámskráin, sveitarfélög/kennarahópar eða einstaka kennarar.
- Þessi aðferðafræði ABC-líkansins er góð viðbót í verkfærakistu kennarans og sérstök hjálp í því að fást skipulega við námsinntakið (námsfræðin) ekki síður en leiðirnar (kennslufræðin) til að fá nemanda til að læra það sem ætlast er til að sé numið.

- Þátttakendur sammála um gagnsemi aðferðarinnar. Flestir á því að hún sé að einhverju marki nýtt í skólastarfi dag. Þó ekki endilega alveg markvisst. Flestir á því að A og B sé að jafnaði vel sinnt en hugsanlega sé það C hópurinn sem oftast verði útundan.
- Mat hópsins er að í samfélagsfræðinni geti oft allir unnið saman á ólíkum getustigum. Heppilegast er ef verkefni reyna á marga hæfnipætti eða hægt er að skynja þau á ólíka vegu. Biophilia tekin sem dæmi um slíkt verkefni. Þátttakendur telja hugsanlegt að greinin þ.e. samfélagsfræðin sé/hafi verið nær þessari nálgun en sumar aðrar greinar. Þar sé verið að vinna með hugmyndir, viðhorf og huglæg efni sem hægt sé/þörf á að nálgast frá ólíkum hliðum.
- Nefnt að verkefnið/nálgunin ABC sé í takt við nýja námskrá/námsmat þar sem byggt sé á hæfni en ekki utanbókarlærdómi – söfnun á beinni þekkingu. Hæfni getur birst í svo mörgum myndum að sami nemandi getur hæglega verið bæði A/C nemandi háð námsefni og aðstæðum.
- Nefnt að hugsanlega sé svigrúm til að mæta ólíkum þörfum meira þegar nemendur eru yngri en svo þrengist trektin þegar ofar dragi og einstefnan verði oft meiri. Í takt við nýja námskrá þá þyrfti það að breytast. Talað um að hefðin sé sú að hjálpa nemendum sem eru á námsstigi A áfram, miða kennsluna við B nemandann en þeir sem hafi getu á námsstigi C hafi svolítið verið látnir sjá um sig sjálfir. Þarf að skoða hvað veldur – breyta hugsun kennarans.
- Umræða um að kynna eldri nemendum BLOOM og útskýra fyrir þeim.
- Áhersla lögð á að fara verði á dýptina en ekki láta nemendur hafa endalaus aukaverkefni sem þeir vinna einir á kostnað þess að taka þátt í ýmsu með bekknum. S.s. umræðum, ígrundun, samræðu og hópverkefnum. C nemendur eiga stundum erfitt með að aðlagast samnemendum félagslega sérstaklega á unglingastigi og það að vinna endalaust einn að öðrum verkefnum geti beinlínis ýtt undir félagslega einangrun.

2. Er nauðsynlegt að búa til vettvang kennara varðandi þetta verkefni, þ.e. ef vilji er til að sinna þessu verkefni áfram er þörf á stuðningi við kennara og þá hvernig?

- Að mati hópsins felst besta leiðin til að breiða nálgunina út, í því að þeir sem sátu fundinn smiti út frá sér í skólum sínum. Þegar þeir komi til vinnu muni þeir segja frá og sýna listann. Þeir eru sammála um að þetta megi ekki vera enn eitt átakið sem komi frá stjórnvöldum. Það sé allt of margt í gangi í einu og auk þess sé of oft byrjað á einhverju sem er svo ekki fylgt nægilega vel eftir. Þeir tala um að það þurfi að byggja upp lærdómssamfélag í hverjum og einum skóla sem allir taki þátt í og eins sé gott þegar samræður eigi sér stað milli skóla.
- Hópurinn er sammála um að umræðurnar á fundinum séu mjög dýrmætar, þ.e. að vinnustofa eins og þessi geri gagn.
- Mikilvægt að búinn sé til vettvangur áfram til að vinna með þær hugmyndir sem kynntar voru í dag, halda áfram að bjóða kennurum upp á vinnustofur (að vinna saman eftir þessum hugmyndum) eða menntabúðir (kynna það sem kennarar eru að gera út frá þessum hugmyndum). Það væri svo sem gott að hafa sér vef (t.d. SSH vefinn) og jafnvel faghópatengsl (t.d. Facebook) en það væri ekki nóg. Hafa þyrfti reglulegt samráð með vinnustofur eins og þess. Einhver þyrfti að halda utan um slíkt, t.d. SSH hópurinn sem stóð fyrir vinnustofunni, því ella væri mikil hætta á að þetta sem jafningasamráð til lærdómssamfélags deyjji út. ÞAÐ ER ALGJÖR NAUÐSYN AÐ FYLGJA ÞESSU VERKEFNI ÁFRAM EFTIR ÞÓTT MIÐLÆGU FRÆÐSLUNNI SÉ AÐ LJÚKA. Því er talið að SSH samstarfshópurinn verði að fylgja þessu verkefni áfram eftir.
- Vinnufundur eins og þessi væru mikilvægir þar sem kennarar hittast, skiptast á skoðunum, ræddu málin og ynnu að verkefnum. Nokkrar hugmyndir voru ræddar um lausnir við útfærslu kennslu í skóla án aðgreiningar eins og opin verkefni, skipulag kennslustofunnar o.fl.

Þátttakendur ræddu einnig að mikilvægt væri að fá tækifæri til að hitta þ.e. kennara frá ólíkum skólum og menningu. **Hópurinn sett fram eftirfarandi hugmynd að skapaður væri vettvangur þar sem kennara gætu rætt saman skipst á hugmyndum og ígrundað. Hægt væri að halda slíka vinnufundi, t.d. einu sinni á önn í einhverjum skóla.** Það væri mikilvægt fyrir þennan hóp að koma á lærdómssamfélagi þar sem rætt væri á jákvæðan hátt um lausnir.

- Rætt um að kennarar geti stutt við að kennsla sé stigskipt með þessum hætti bæði innan síns skóla og eins í einhverju stærra samhengi/samfélagi. Jafningjafræðsla lögð til varðandi þessa nálgun. Vendikennsla nefnd í því samhengi, s.s. fyrirlestrar einstakra kennara eða hugmyndir að efni/útfærslu inn á einhverju sameiginlegu menntatorgi.

3. Aðrar vangaveitur?

- Þátttakendur töluðu um að það þyrfti stundum að slaka á taumnum gagnvart nemendum, ekki síst í unglingadeild, þar sem námið er oft í of föstum skorðum. Það getur komið í veg fyrir að breiddin í nemendahópnum fái að njóta sín. Bent var á að samræmd próf og Pisa geti dregið úr möguleikunum á því að komið sé nægilega vel til móts við bráðgera nemendur. Áherslan verði of mikil á það að styðja við þá nemendur sem standa verst að vígi til að hala þá upp á prófunum. Kennarar treysti því að hinir muni bjarga sér. Á yngri stigum er meiri sveigjanleiki til að koma til móts við þennan nemendahóp. Bent er á að ekki sé hægt að ræða þessi mál án þess að taka tillit til kjarasamninga kennara og vinnurammans.
- Nokkar umræður spunnust um Pisa könnunina og hversu mikið það ætti að stýra námi nemenda á Íslandi. Þátttakandi benti á að skýringin á lágu hlutfall íslenskra nemenda í hópi þeirra sem skora hæst á Pisa könnunin sé líklega sú að þeim nemendum sé flýtt, þeir séu komnir í framhaldsskóla og taki því ekki þátt í Pisa könnuninni.
- Í umræðunum kom fram að það þurfi að rýna betur í það hvort og hvers vegna skólinn styðji ekki betur við bráðgera nemendur en talið er.
- Kennari sem starfar á Seltjarnarnesi sagði frá því að hún hefði nýlega sótt ráðstefnu í Serbíu þar sem Dr. Ranko Rojovic, sagði frá *NTC sistem of learning* sem er nálgun sem miðar að því að mæta þörfum bráðgera nemenda. Hér má lesa nánar um NTC: <https://www.mensa.rs/iq/sigovi/ntc/sistem-ucenja/first-part/>
- Hafa þarf í huga að munur er á bráðgerum nemendum, hæfileikaríkum og duglegum. Skilgreining frá Dönum gæti hjálpað við að finna þessa nemendum. **Meiri umræðu og upplýsingar um skilgreiningar á hugtökunum er nauðsynleg.**
- Margir miðstigskenningar sem sóttu vinnustofuna í dag sem gæti bent til þess að þetta væri sérstaklega mikilvægt fyrir miðstigið í að komast í frekari margbreytileikakennslu þegar „lesefnistímabilið“ byrjar með allar sínar fagbækur á ýmsum námssviðum. Bendir það til þess að miðstigskenningar sjái meiri þörf á leiðum til að mæta breiðari námshóp þar en áður var talið? ABC-líkanið færir miðstigi því nýja möguleika og er kennaravænt, valdeflandi fyrir kennara.
- Hugtakið SKÓLI ÁN AÐGREININGAR er oft erfitt í umræðunni það er orðið merkingarhlaðið á neikvæðan hátt. Þátttakendum í umræðunni lét betur að nota orð eins og „skóli fjölbreytileikans“.
- Ekki talið að kjarasamningar/vinnumat hafi sérstök áhrif á þetta frekar hefðir o.fl. þess háttar. Ný námskrá ætti í raun að styðja við meiri breidd og fjölbreytni.

•